

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 99/2020

frá 14. júlí 2020

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1664 frá 30. september 2019 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Úkraínu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 54b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/709/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„54c. **32019 D 1664**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1664 frá 30. september 2019 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Úkraínu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum (Stjtið. ESB L 252, 2.10.2019, bls. 38).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 2.10.2019, bls. 38.

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1664, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.